

# Ársskýrsla 2008

AUÐHUMLA

AUÐHUMLA

## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns ........ 2
Ávarp forstjóra ........ 3
Fulltrúar deilda ........ 4
Stjórn Auðhumlu ........ 5
Verðlaunahafar ........ 6
Mjólkursamsalan ehf. ........ 7
Tölulegar upplýsingar ........ 8
Ársreikningur samstæðu 2008 ........ 11
Áritun óháðra endurskoðenda ........ 13
Skýrsla stjórnar ........ 14
Rekstrarreikningur ársins 2008 ........ 15
Efnahagsreikningur ........ 16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008 ........ 18
Skýringar ........ 19



Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar ehf.
Ljósmyndir: Þorsteinn Jónsson
Ljósmynd af stjórnarformanni: Kristján Maack
Ljósmynd af stjórn: Björn Anton Einarsson
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Garðar Eiríksson og Guðmundur Geir Gunnarsson
Prentun: Prentmet

# Ávarp stjórnarformanns

Egill Sigurðsson



**Sviptingaár**

Þjóðfélagið er gjörbreytt og allt annað rekstrarumhverfi en var fyrir ári. Mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu, hvort sem er í frumframleiðslu eða úrvinnslu, er nú óumdeilt. Það er hverri þjóð nauðsynlegt að standa vörð um sinn landbúnað og að hann hafi eðlileg starfsskilyrði. Fyrirtæki þurfa á hverjum tíma að hafa hæfileika til að mæta breyttum aðstæðum. Sameining undir nafni Auðhumlu svf. og stofnun MS var forsenda fyrir þeirri hagræðingu sem nauðsynlegt var að ná fram. Þann meðbyr, sem innlend framleiðsla nýtur í dag, ber að nýta. En það má ekki vanmeta þær ógnanir sem fyrir hendi eru. Til dæmis minnkandi tollvernd, ESB aðild og fleira. Það hefur aldrei verið mikilvægara fyrir mjólkurframleiðendur að eiga traust fyrirtæki sem sinnir vinnslu og sölu afurða á sem hagkvæmastan hátt.

Rekstur ársins einkenndist af hagræðingaraðgerðum til að ná fram lækkun kostnaðar. Fyrri hluta ársins var afkoman algjörlega óviðunandi en með markvissum hagræðingaraðgerðum hefur rekstur félagsins verið í jafnvægi síðustu mánuði. Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið fyrir yfirstandandi ár, gera ráð fyrir að fyrirtækið verði í allgóðu jafnvægi. En það er mikil óvissa í öllu ytra umhverfi sem getur haft áhrif á afkomu fyrirtækisins. Fyrirtækið þarf að geta brugðist hratt og markvisst við þeim aðstæðum sem kunna að myndast.

Erfið greiðslustaða margra mjólkurframleiðenda veldur áhyggjum. Það eru fáar greinar sem binda jafnmikið fjármagn miðað við veltu eins og mjólkurframleiðendur. Því hefur hátt vaxtastig og sveiflur í gengi gríðarleg áhrif á greinina. Bú eru mörg hver mjög skuldsett eftir uppbyggingu síðustu ára og allar áætlanir, sem byggt var á, úreltar. Í ljósi mikilvægis mjólkurframleiðslu er það krafa að fjármagn sé á eðlilegum kjörum. Þetta eru ein af grundvallarstarfsskilyrðum í mjólkurframleiðslu. Hér á landi verður eðlileg bankastarfsemi að komast í lag sem allra fyrst.

Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Auðhumlu, lét af störfum 1. júní síðastliðinn. Magnús Ólafsson var ráðinn forstjóri frá sama tíma en hann er einnig forstjóri MS. Nú hefur Einar Sigurðsson verið ráðinn forstjóri MS. Einar kemur til starfa 1. apríl næstkomandi og tekur alfarið við frá 1. maí. Magnús Ólafsson verður áfram forstjóri Auðhumlu ásamt því að taka við formennsku í SAM og einnig verður hann nýjum forstjóra til aðstoðar fyrst um sinn.

Ég vil að lokum þakka félagsmönnum og öðru samstarfsfólki fyrir gott samstarf.

Egill Sigurðsson
stjórnarformaður.

# Ávarp forstjóra

Magnús Ólafsson



**Rekstur í fastar skorður**

Rekstur félagsins var mjög erfiður fjárhagslega á árinu 2008. Kemur þar margt til. Verðstöðvun allt árið 2007, kjarasamningar, sem reyndust dýrir, og fjármagskostnaður mikill. Verðhækkanir komu þó til 1. janúar, 1. apríl og 1. nóvember.

Segja má að árið 2008 hafi einkennst af miklum breytingum sem síðan enduðu með algjöru hruni í efnahagslífinu á haustmánuðum. Rekstur Auðhumlu ber þess að sjálfsögðu merki enda allur rekstur háður fjármagni og stöðugu gengi en hvort tveggja var mjög óstöðugt á árinu 2008, vextir mjög háir og gengi krónunnar hríðféll á árinu.

**Starfsemi Auðhumlu**

Segja má að starfsemi félagsins hafi komist í fastar skorður á árinu. Félagið á og rekur allar þær fasteignir sem Mjólkursamsalan nýtir. Með hagræðingaraðgerðum síðustu tveggja ára stefnir í að rúmlega 6.000 fermetrar húsnæðis hafi verið teknir úr notkun og brýnt að ráðstafa þeim sem fyrst með sölu og/eða leigu.

Haldið verður áfram að styrkja vef félagsins, audhumla.is, og gera hann eins aðgengilegan og notendavænan fyrir félagsmenn og frekast er kostur.

Talsverðar breytingar urðu á árinu 2008. Guðbrandur Sigurðsson lét af störfum hjá félaginu 1. júní og tók Magnús Ólafsson við starfi hans jafnframt því að gegna stöðu forstjóra Mjólkursamsölunnar ehf. Enn fremur létu af störfum Gunnar Jónsson, Sigrún Halldórsdóttir og Agnar Friðriksson. Eru þeim hér með þökkuð vel unnin störf á vegum félagsins. Garðar Eiríksson og Guðmundur Theodórsson komu til starfa hjá félaginu og jafnframt var aðsetur Auðhumlu flutt til Selfoss á árinu.

**Mjólkursamsalan**

Unnið var áfram að hagræðingaraðgerðum hjá MS með uppbyggingu og tilfærslu á verkefnum. Segja má að þessu fari senn að ljúka, a.m.k. því sem gert verður í þessari lotu. Síðasta stóra málið í þessu sambandi var að allri mjólkurvinnslu var hætt á Blönduósi 31. desember 2008.

Hlutafé félagsins var aukið verulega á árinu 2008. Fyrst var hlutaféð aukið um 500 milljónir króna á vordögum í 2.000 milljónir. Í september 2008 jók Auðhumla hlut sinn í Mjólkursamsölunni ehf. um 2.076 milljónir króna. Er því hlutaféð í Mjólkursamsölunni ehf. 31. desember sl. 4.076 milljónir króna og eignarhlutföllin: Auðhumla svf. 92,4% og KS 7,6%. KS hefur síðan tíma til að auka hlut sinn í félaginu í 15% þannig að hlutföllin verði aftur þau sömu og lagt var upp með á árinu 2006 þegar félagið var stofnað.

**Framhaldið**

Þau verkefni, sem unnið er að, eru af ýmsum toga. Vinna þarf að leiðréttingu á verðlagi, m.a. að ekki sé jafnmikill munur á verði þeirra vara, sem verðlagsnefnd verðleggur, og þeim vörum sem mjólkuriðnaðurinn verðleggur sjálfur. Vinna þarf að því að koma fasteignum félagsins, sem ekki eru nýttar af mjólkuriðnaðinum, í hendurnar á öðrum aðilum, annaðhvort með sölu eða leigu. Ber þar hæst húsið að Bitruhálsi 2, þ.e. Osta- og smjörsöluhúsið.

Að lokum vil ég þakka stjórn félagsins fyrir mjög gott og heilt samstarf á árinu 2008. Starfsfólki samstæðunnar allrar þakka ég vel unnin störf og tryggð við félagið á miklum umbrotatímum.

Magnús Ólafsson
forstjóri.

# Fulltrúar deilda Auðhumlu

## á aðalfundi 3. apríl 2009

**Austurlandsdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Gunnar Jónsson | Egilsstöðum | 700 Egilsstaðir |
| | Jón Steinar Elísson | Hallfreðarstöðum 2 | 701 Egilsstaðir |
| | Halldór Sigurðsson | Hjartarstöðum 1 | 701 Egilsstaðir |
| Varafulltr.: | Jóhann G. Jóhannsson | Breiðavaði | 701 Egilsstaðir |
| | Björgvin Gunnarsson | Núpi | 765 Djúpivogur |

**Austur-Skaftafellsdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Eiríkur Egilsson | Seljavöllum | 781 Höfn |
| | Steinþór Torfason | Hala | 781 Höfn |
| Varafulltr.: | Sæmundur Jón Jónsson | Árbæ | 781 Höfn |
| | Valdimar Ingólfsson | Grænahrauni | 781 Höfn |

**Skaftárdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Ólafur Helgason | Hraunkoti | 880 Kirkjubæjarklaustur |
| | Kjartan Magnússon | Fagurhlíð | 880 Kirkjubæjarklaustur |
| | Jóhannes Gissurarson | Herjólfsstöðum | 880 Kirkjubæjarklaustur |
| Varafulltr.: | Guðgeir Sumarliðason | Austurhlíð | 880 Kirkjubæjarklaustur |
| | Sigurður Pétursson | Búlandi | 880 Kirkjubæjarklaustur |

**Mýrdalsdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Sigurjón Eyjólfsson | Pétursey I | 871 Vík |
| | Ólafur Steinar Björnsson | Reyni | 871 Vík |
| Varafulltr.: | Atli Rafn Hróbjartsson | Brekkum III | 871 Vík |
| | Gunnar Valgeirsson | Norður-Fossi | 871 Vík |

**Eyjafjalladeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Ármann Fannar Magnússon | Hrútafelli | 861 Hvolsvöllur |
| | Sigurður G. Ottósson | Ásólfsskála | 861 Hvolsvöllur |
| | Ásgeir Árnason | Stóru-Mörk | 861 Hvolsvöllur |
| Varafulltr.: | Óli Kristinn Ottósson | Seljalandi | 861 Hvolsvöllur |
| | Ragnar Lárusson | Stóradal | 861 Hvolsvöllur |
| | Sigurjón Sigurðsson | Efstu-Grund | 861 Hvolsvöllur |

**Landeyjadeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Hlynur Snær Theodórsson | Voðmúlastöðum | 861 Hvolsvöllur |
| | Jóhann Nikulásson | Stóru-Hildisey II | 861 Hvolsvöllur |
| | Guðni Ragnarsson | Guðnastöðum | 861 Hvolsvöllur |
| | Silja Ágústsdóttir | Hólmum | 861 Hvolsvöllur |
| Varafulltr.: | Haraldur Konráðsson | Búðarhóli | 861 Hvolsvöllur |
| | Örvar Arason | Akurey I | 861 Hvolsvöllur |
| | Axel Sveinbjörnsson | Hólmum | 861 Hvolsvöllur |
| | Björgvin Guðmundsson | Vorsabæ | 861 Hvolsvöllur |

**Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Eggert Pálsson | Kirkjulæk | 861 Hvolsvöllur |
| | Birkir A. Tómasson | Móeiðarhvoli II | 861 Hvolsvöllur |
| | Guðmundur Ómar Helgason | Lambhaga | 851 Hella |
| Varafulltr.: | Þórir Jónsson | Selalæk | 851 Hella |
| | Bjarni Jónsson | Selalæk | 851 Hella |
| | Erla Hlöðversdóttir | Sámsstöðum | 861 Hvolsvöllur |

**Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Sigurjón Hjaltason | Raftholti | 851 Hella |
| | Hannes Ólafsson | Austvaðsholti | 851 Hella |
| | Ágúst Sæmundsson | Bjólu | 851 Hella |
| Varafulltr.: | Daníel Magnússon | Akbraut | 851 Hella |
| | Borghildur Kristinsdóttir | Skarði | 851 Hella |
| | Kjartan Magnússon | Hjallanesi | 851 Hella |

**Uppsveitadeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jón Viðar Finnsson | Dalbæ I | 845 Flúðir |
| | Jórunn Svavarsdóttir | Drumboddsstöðum | 801 Selfoss |
| | Páll Jóhannsson | Núpstúni | 845 Flúðir |
| | Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskoti | 801 Selfoss |
| | Fjóla I. Kjartansdóttir | Birtingaholti IV | 845 Flúðir |
| | Esther Guðjónsdóttir | Sólheimum | 845 Flúðir |
| | Ásmundur Lárusson | Norðurgarði | 801 Selfoss |
| | Haukur Haraldsson | Stóru-Mástungu | 801 Selfoss |
| | Gunnar Sverrisson | Hrosshaga | 801 Selfoss |
| Varafulltr.: | Sigurjón Sigurðsson | Kotlaugum | 845 Flúðir |
| | Kristmundur Sigurðsson | Haga | 801 Selfoss |
| | Gunnlaugur Magnússon | Miðfelli | 845 Flúðir |
| | Sveinn Ingvarsson | Reykjahlíð | 801 Selfoss |
| | Sigurður Steinþórsson | Hæli | 801 Selfoss |
| | Samúel Eyjólfsson | Bryðjuholti | 845 Flúðir |
| | Benedikt Kolbeinsson | Votumýri | 801 Selfoss |
| | Rúnar Bjarnason | Reykjum | 801 Selfoss |

**Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Aðalsteinn Sveinsson | Kolsholti | 801 Selfoss |
| | Valdimar Guðjónsson | Gaulverjabæ | 801 Selfoss |
| | Geir Ágústson | Gerðum | 801 Selfoss |
| Varafulltr.: | Einar H. Haraldsson | Urriðafossi | 801 Selfoss |
| | Brynjólfur Jóhannsson | Kolsholtshelli | 801 Selfoss |
| | Þorsteinn Ágústsson | Syðra-Velli | 801 Selfoss |

**Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | María Hauksdóttir | Geirakoti | 801 Selfoss |
| | Skeggi Gunnarsson | Skeggjastöðum | 801 Selfoss |
| | Pétur Guðmundsson | Hvammi | 801 Selfoss |
| Varafulltr.: | Gísli Hauksson | Stóru-Reykjum | 801 Selfoss |
| | Baldur I. Sveinsson | Litla-Ármóti | 801 Selfoss |

**Hvalfjarðardeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jóhanna Hreinsdóttir | Káraneskoti | 270 Mosfellsbær |
| | Haraldur Magnússon | Belgsholti | 301 Akranes |
| | Helgi Bergþórsson | Eystra-Súlunesi | 301 Akranes |
| Varafulltr.: | Magnús Hannesson | Eystri-Leirárgörðum | 301 Akranes |
| | Finnur Pétursson | Káranesi II | 270 Mosfellsbær |

**Borgarfjarðardeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jón Gíslason | Lundi 1 | 311 Borgarnes |
| | Snorri Sigurðsson | Hvanneyri | 311 Borgarnes |
| | Birna Hauksdóttir | Skáney | 320 Reykholt |
| Varafulltr.: | Guðmundur Þorsteinsson | Skálpastöðum | 311 Borgarnes |
| | Þorvaldur Jónsson | Brekkukoti | 311 Borgarnes |
| | Páll H. Jónasson | Signýjarstöðum | 311 Borgarnes |

**Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Pétur Diðriksson | Helgavatni | 311 Borgarnes |
| | Guðný H. Jakobsdóttir | Syðri-Knarrartungu | 356 Snæfellsbær |
| | Jón Svavar Þórðarson | Ölkeldu III | 356 Snæfellsbær |
| | Þórir Finnsson | Hóli | 311 Borgarnes |
| | Ólafur Egilsson | Hundastapa | 311 Borgarnes |
| | Guðrún Sigurjónsdóttir | Glitstöðum | 311 Borgarnes |
| Varafulltr.: | Laufey Bjarnadóttir | Stakkhamri | 311 Borgarnes |
| | Vilhjálmur Diðriksson | Helgavatni | 311 Borgarnes |
| | Steinar Guðbrandsson | Tröð | 311 Borgarnes |
| | Kristján Þórðarson | Ölkeldu | 356 Snæfellsbær |
| | Halldór Gunnlaugsson | Hundastapa | 311 Borgarnes |

# Stjórn Auðhumlu



**Formaður**
Egill Sigurðsson, Berustöðum

**Varaformaður**
Erlingur Teitsson, Brún

**Ritari**
Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum

**Meðstjórnendur**
Stefán Magnússon, Fagraskógi
Björn Harðarson, Holti
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum
Hörður Grímsson, Tindum

**Varamenn**
Arnar B. Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Jóhannes Torfason, Torfalæk II
Pétur Diðriksson, Helgavatni

**Skoðunarmenn**
Elvar Eyvindsson, Skíðbakka
Gunnar Sveinsson, Hrosshaga

**Varaskoðunarmenn**
Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

**Forstjóri**
Magnús Ólafsson
Guðbrandur Sigurðsson

## Starfssvæði Auðhumlu




**Breiðafjarðardeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jóhannes Eyberg Ragnarsson | Hraunhálsi | 340 Stykkishólmur |
| | Gústaf Jökull Ólafsson | Miðjanesi | 380 Króksfjarðarnes |
| | Bára Sigurðardóttir | Lyngbrekku | 371 Búðardalur |
| | Erla Reynisdóttir | Mýrartungu | 380 Króksfjarðarnes |
| | Sigmundur H. Sigmundsson | Látrum | 401 Ísafjörður |
| | Árni Brynjólfsson | Vöðlum | 425 Flateyri |
| Varafulltr.: | Þorgrímur Guðbjartsson | Erpsstöðum | 371 Búðardalur |
| | Nanna Jónsdóttir | Efri-Rauðsdal | 451 Patreksfjörður |
| | Hallur Pálsson | Naustum | 350 Grundarfjörður |
| | Ásmundur Jóhannesson | Miklagarði | 371 Búðardalur |
| | Sunna Reyr Sigurjónsdóttir | Neðri-Ósi | 415 Bolungarvík |
| | Björn Birkisson | Botni | 430 Suðureyri |

**Vestur-Húnaþingsdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Skúli Einarsson | Tannstaðabakka | 500 Staður |
| | Valgerður Kristjánsdóttir | Mýrum III | 531 Hvammstangi |
| | Guðný Helga Björnsdóttir | Bessastöðum | 531 Hvammstangi |
| Varafulltr.: | Pétur Sigurvaldason | Neðri-Torfustöðum | 531 Hvammstangi |
| | Gísli Magnússon | Staðarbakka | 531 Hvammstangi |
| | Ægir Jóhannesson | Jörfa | 531 Hvammstangi |

**Austur-Húnaþingsdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Magnús R. Sigurðsson | Hnjúki | 541 Blönduós |
| | Gróa Lárusdóttir | Brúsastöðum | 541 Blönduós |
| | Jóhannes Torfason | Torfalæk 2 | 541 Blönduós |
| | Björn Magnússon | Hólabaki | 541 Blönduós |
| Varafulltr.: | Linda Björk Ævarsdóttir | Steinnýjarstöðum | 545 Skagaströnd |
| | Jón Gíslason | Stóra-Búrfelli | 541 Blönduós |
| | Jens Jónsson | Brandaskarði | 541 Blönduós |
| | Tryggvi Jónsson | Ártúni | 541 Blönduós |

**Norðausturdeild**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Aðalsteinn Hreinsson | Auðnum | 601 Akureyri |
| | Anna Jónsdóttir | Svalbarði | 601 Akureyri |
| | Atli Friðbjörnsson | Hóli | 621 Dalvík |
| | Bergljót Þorsteinsdóttir | Halldórsstöðum | 641 Húsavík |
| | Elín Stefánsdóttir | Fellshlíð | 601 Akureyri |
| | Erlingur Teitsson | Brún | 641 Húsavík |
| | Geir Árdal | Dæli | 601 Akureyri |
| | Hávar Sigtryggsson | Hriflu | 641 Húsavík |
| | Helgi Þór Helgason | Bakka | 601 Akureyri |
| | Jóhannes Jónsson | Espihóli | 601 Akureyri |
| | Jósef Kristjánsson | Möðruvöllum | 601 Akureyri |
| | Laufey Skúladóttir | Stóru-Tjörnum | 641 Húsavík |
| | Leifur Guðmundsson | Klauf | 601 Akureyri |
| | Marteinn Sigurðsson | Kvíabóli | 641 Húsavík |
| | Sif Jónsdóttir | Laxamýri | 641 Húsavík |
| | Sigurgeir Pálsson | Sigtúnum | 601 Akureyri |
| | Stefán Magnússon | Fagraskógi | 601 Akureyri |
| | Sveinbjörn Sigurðsson | Búvöllum | 641 Húsavík |
| Varafulltr.: | Gunnsteinn Þorgilsson | Sökku | 621 Dalvík |
| | Trausti Þórisson | Hofsá | 621 Dalvík |
| | Böðvar Baldursson | Heiðargarði | 641 Húsavík |
| | Sigurlaug Sigurðardóttir | Nesi | 601 Akureyri |
| | Sigurgeir Hreinsson | Hríshóli | 601 Akureyri |
| | Ásvaldur Þormóðsson | Stóru-Tjörnum | 641 Húsavík |
| | Guðrún Harðardóttir | Hvassafelli | 601 Akureyri |
| | Gunnhildur Gylfadóttir | Steindyrum | 621 Dalvík |
| | Hulda Skarphéðinsdóttir | Úlfsbæ | 641 Húsavík |

Alls 81 fulltrúi

# Verðlaunahafar 2008





Verðlaunahafar: Ólafur Kristjánsson og María Hauksdóttir, Geirakoti, og Guðmundur Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóri MS Selfossi.



Kristinn Guðnason, Þverlæk, og Guðmundur Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóri MS Selfossi.



Guðfinnur Jakobsson, Skaftholti, og Jón Vigfússon, Efri-Brúnavöllum.

| Innl.númer | Nafn | Heimili | Deild |
|---|---|---|---|
| 10182 | Chris Beekman | Brekkuborg | Austurlandsdeild |
| 10234 | Óskar Gunnlaugsson | Berufirði II | Austurlandsdeild |
| 20513 | Ólafur Kristjánsson | Geirakoti | Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild |
| 20705 | Félagsb. Efri-Brúnavöllum | Efri-Brúnavöllum | Uppsveitadeild |
| 20948 | Kristinn og Elín | Þverlæk | Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpmannadeild |
| 22218 | Félagsbúið Skaftholti | Skaftholti | Uppsveitadeild |
| 30019 | Vigfús Pétursson | Hægindi | Borgarfjarðardeild |
| 33204 | Ásmundur Guðmundsson | Arkarlæk | Hvalfjarðardeild |
| 40116 | Kristján Högni Jónsson | Ósi | Breiðafjarðardeild |
| 47224 | Gústaf Jökull Ólafsson | Miðjanesi | Breiðafjarðardeild |
| 50850 | Auðólfsstaðabúið | Auðólfsstöðum | Austur-Húnaþingsdeild |
| 58511 | Pétur Sigurvaldason | Neðri-Torfustöðum | Vestur-Húnaþingsdeild |
| 58613 | Ásgeir Sverrisson | Brautarholti | Vestur-Húnaþingsdeild |
| 60003 | Jóhann Tryggvason | Völlum | Norðausturdeild |
| 60019 | Félagsbúið Espihóli | Espihóli | Norðausturdeild |
| 60089 | Félagsbúið Villingadal | Villingadal | Norðausturdeild |
| 60093 | Hlynur Þórsson | Akri | Norðausturdeild |
| 60102 | Gamla Klauf ehf. | Klauf | Norðausturdeild |
| 60230 | Þríhyrningur ehf. | Þríhyrningi | Norðausturdeild |
| 60440 | Gunnsteinn Þorgilsson | Sökku | Norðausturdeild |
| 60490 | Sveinn Kjartan Sverrisson | Melum | Norðausturdeild |
| 68250 | Fagranesbúið | Fagranesi | Norðausturdeild |
| 68274 | Félagsbúið Hjarðarbóli | Hjarðarbóli | Norðausturdeild |
| 68306 | Félagsb. Arndísarstöðum | Arndísarstöðum | Norðausturdeild |
| 68333 | Ólafur Ólafsson | Bjarnarstöðum | Norðausturdeild |
| 68354 | Ingvar Ketilsson | Halldórsstöðum | Norðausturdeild |
| 68403 | Ingjaldsstaðabú ehf. | Ingjaldsstöðum | Norðausturdeild |
| 68443 | Kristján Ingjaldur Tryggvason | Árlandi | Norðausturdeild |
| 68472 | Baldvin Einarsson | Engihlíð | Norðausturdeild |
| 68568 | Sigtryggur Garðarsson | Reykjavöllum | Norðausturdeild |
| 68572 | Jón Helgi Jóhannsson | Víðiholti | Norðausturdeild |

Fjöldi: 31

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:
Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins 2008. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að öll sýni mánaðarins séu undir 40 þús. í líftölu, margfeldismeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús. og að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum.

# Mjólkursamsalan ehf. 2008



**Stjórn félagsins skipuðu:**
Egill Sigurðsson, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Jóhannes Ævar Jónsson, ritari
Guðbrandur Sigurðsson, meðstjórnandi
Guðrún Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Arnar Bjarni Eiríksson, meðstjórnandi (tók sæti Guðbrands á miðju ári 2008)

**Varamenn:**
Birna Þorsteinsdóttir (tók sæti Arnars Bjarna á miðju ári 2008)
Rögnvaldur Ólafsson (tók sæti varaformanns frá miðjum september 2008 til áramóta)
Atli Friðbjörnsson

**Forstjóri:**
Magnús Ólafsson

**Endurskoðendur:**
Deloitte
Benóní Torfi Eggertsson endurskoðandi

Á árinu var unnið að endurskipulagningu og hagræðingaraðgerðum í samræmi við áætlanir. Bar þar hæst endurskipulagningu framleiðslu og í tiltekt og dreifingu. Jafnframt voru breytingar gerðar á skrifstofu og varðandi markaðsmál. Rekstur félagsins hefur verið þungur tvö fyrstu starfsárin en síðustu mánuðir lofa góðu og samkvæmt áætlunum fyrir árið 2009 eru allar líkur á að félagið verði rekið með hagnaði.

Árið 2008 var eitt besta söluár í sögu íslensks mjólkuriðnaðar. Magnaukning í sölu á ostavörum og smjöri var 191 tonn (2,54%) og veltuaukning 1,1 milljarður króna (23%). Magnaukning í ferskvörum var 1.230 þús. lítrar (2,46%) og veltuaukning 1,15 milljarður króna (17%).

Þrátt fyrir að áform um verulega aukinn útflutning hafi ekki gengið eftir voru flutt út 1.823 tonn.

**Ráðstöfun innveginnar mjólkur 2008**

Framleiðsla í tonnum

| Flokkur | Framleitt | Ráðstöfun innanlands | Útflutt |
|---|---|---|---|
| Ferskvara | 52.440 | 52.297 | 143 |
| Viðbit | 2.504 | 1.681 | 823 |
| Ostar | 4.965 | 4.962 | 2 |
| Mjólkurduft | 1.324 | 469 | 855 |
| Samtals | 61.233 | 59.409 | 1.823 |

Öllu starfsfólki MS eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf á árinu.

# Tölulegar upplýsingar



Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2008
umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2008
umreiknuð í lítra m.v. prótein




Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2008
umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2008
umreiknuð í lítra m.v. prótein




## Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

| Árið | Árið | Breyting 2008-2007 | |
|---|---|---|---|
| 2008 | 2007 | Lítrar | Hlutfall |
| 9.602.924 | 9.541.942 | 60.982 | 0,64% |
| 9.277.616 | 8.934.600 | 343.016 | 3,84% |
| 10.053.073 | 10.068.128 | -15.055 | -0,15% |
| 10.234.625 | 9.885.977 | 348.648 | 3,53% |
| 10.733.721 | 10.659.166 | 74.555 | 0,70% |
| 10.108.443 | 10.135.860 | -27.417 | -0,27% |
| 9.788.671 | 9.772.860 | 15.811 | 0,16% |
| 9.048.501 | 9.626.522 | -578.021 | -6,00% |
| 8.781.300 | 7.784.391 | 996.909 | 12,81% |
| 8.702.545 | 8.924.184 | -221.639 | -2,48% |
| 8.339.842 | 8.528.209 | -188.367 | -2,21% |
| 9.630.596 | 9.153.843 | 476.753 | 5,21% |
| 114.301.857 | 113.015.682 | 1.286.175 | 1,14% |

## Heildarmjólkurinnlegg á landinu

| Árið | Árið | Breyting 2008-2007 | |
|---|---|---|---|
| 2008 | 2007 | Lítrar | Hlutfall |
| 10.562.427 | 10.489.962 | 72.465 | 0,69% |
| 10.216.184 | 9.838.966 | 377.218 | 3,83% |
| 11.054.059 | 11.082.394 | -28.335 | -0,26% |
| 11.258.127 | 10.891.188 | 366.939 | 3,37% |
| 11.818.564 | 11.751.169 | 67.395 | 0,57% |
| 11.177.840 | 11.213.462 | -35.622 | -0,32% |
| 10.833.937 | 10.839.558 | -5.621 | -0,05% |
| 10.011.948 | 10.688.492 | -676.544 | -6,33% |
| 9.727.043 | 8.637.794 | 1.089.249 | 12,61% |
| 9.626.733 | 9.901.768 | -275.035 | -2,78% |
| 9.176.095 | 9.412.756 | -236.661 | -2,51% |
| 10.588.572 | 10.069.633 | 518.939 | 5,15% |
| 126.051.529 | 124.817.142 | 1.234.387 | 0,99% |



# Tölulegar upplýsingar

## Fjöldi innleggjenda í deildum 2008 og 2007

| Nafn deildar | 31/12 2008 | 31/12 2007 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Austurlandsdeild | 27 | 29 | -2 |
| | | | |
| Austur-Skaftafellsdeild | 13 | 13 | 0 |
| Skaftárdeild | 24 | 26 | -2 |
| Mýrdalsdeild | 14 | 15 | -1 |
| Eyjafjalladeild | 23 | 24 | -1 |
| Landeyjadeild | 35 | 35 | 0 |
| Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild | 19 | 19 | 0 |
| Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild | 19 | 23 | -4 |
| Uppsveitadeild | 74 | 75 | -1 |
| Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild | 22 | 22 | 0 |
| Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild | 20 | 21 | -1 |
| | 263 | 273 | |
| Hvalfjarðardeild | 28 | 26 | 2 |
| Borgarfjarðardeild | 26 | 23 | 3 |
| Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild | 46 | 48 | -2 |
| | 100 | 97 | |
| Breiðafjarðardeild | 48 | 49 | -1 |
| Vestur-Húnaþingsdeild | 24 | 24 | 0 |
| | 72 | 73 | |
| Austur-Húnaþingsdeild | 31 | 32 | -1 |
| | | | |
| Norðausturdeild | 170 | 170 | 0 |
| | | | |
| Alls Auðhumla | 663 | 674 | -11 |

## Fjöldi kúabúa miðað við greiðslumark í lok árs

| | Fjöldi kúabænda | | 2008 greiðslumark á kúabú í þús. lítrum | | | | | | 2007 greiðslumark á kúabú í þús. lítrum | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2008 | 2007 | <50 þús. | 50-100 þús. | 100-200 þús. | 200-300 þús. | >300 þús. | Meðaltal pr. kúabú | <50 þús. | 50-100 þús. | 100-200 þús. | 200-300 þús. | >300 þús. | Meðaltal pr. kúabú |
| MS Egilsstöðum | 27 | 29 | 4 | 7 | 7 | 5 | 5 | 172.566 | 5 | 7 | 7 | 7 | 3 | 156.052 |
| MS Selfossi | 263 | 273 | 24 | 46 | 111 | 58 | 31 | 170.208 | 22 | 47 | 116 | 62 | 25 | 167.845 |
| MS Reykjavík | 100 | 97 | 16 | 16 | 49 | 9 | 7 | 138.632 | 14 | 18 | 49 | 9 | 5 | 134.217 |
| MS Búðardal | 63 | 61 | 10 | 21 | 23 | 6 | 2 | 112.468 | 8 | 24 | 19 | 6 | 2 | 111.967 |
| MS Ísafirði | 9 | 12 | 1 | 5 | 4 | 1 | 1 | 131.298 | 3 | 5 | 4 | 1 | 1 | 113.621 |
| MS Blönduósi | 31 | 32 | 1 | 9 | 18 | 2 | 1 | 136.548 | 1 | 9 | 18 | 2 | 1 | 134.727 |
| MS Akureyri | 170 | 170 | 8 | 30 | 70 | 39 | 19 | 181.132 | 10 | 32 | 71 | 42 | 16 | 173.176 |
| Auðhumla | 663 | 674 | 64 | 134 | 282 | 120 | 66 | 160.806 | 63 | 142 | 284 | 129 | 53 | 156.358 |

# Tölulegar upplýsingar



## Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

| Heiti deildar | Meðalfita 2008 | Meðalfita 2007 | Meðalprótein 2008 | Meðalprótein 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Austurlandsdeild | 4,11 | 4,02 | 3,33 | 3,34 |
| | | | | |
| Austur-Skaftafellsdeild | 3,94 | 3,86 | 3,36 | 3,39 |
| Skaftárdeild | 3,98 | 3,85 | 3,35 | 3,35 |
| Mýrdalsdeild | 3,95 | 3,84 | 3,25 | 3,28 |
| Eyjafjalladeild | 4,02 | 3,96 | 3,34 | 3,35 |
| Landeyjadeild | 4,08 | 3,95 | 3,36 | 3,34 |
| Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild | 4,09 | 4,02 | 3,36 | 3,37 |
| Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild | 4,09 | 4,04 | 3,40 | 3,41 |
| Uppsveitadeild | 4,06 | 4,03 | 3,33 | 3,37 |
| Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild | 4,10 | 4,04 | 3,38 | 3,41 |
| Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild | 4,08 | 4,01 | 3,39 | 3,38 |
| | | | | |
| Hvalfjarðardeild | 4,05 | 4,00 | 3,31 | 3,30 |
| Borgarfjarðardeild | 4,09 | 4,00 | 3,32 | 3,31 |
| Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild | 4,05 | 3,99 | 3,35 | 3,34 |
| | | | | |
| Breiðafjarðardeild | 4,08 | 4,00 | 3,31 | 3,31 |
| Vestur-Húnaþingsdeild | 4,18 | 4,05 | 3,33 | 3,32 |
| | | | | |
| Austur-Húnaþingsdeild | 4,10 | 4,01 | 3,35 | 3,33 |
| | | | | |
| Norðausturdeild | 4,11 | 4,06 | 3,34 | 3,36 |
| | | | | |
| Auðhumla | 4,08 | 4,01 | 3,34 | 3,35 |

## Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2007/2008

| Afurðastöðvar | Framleitt innan gr.marks | Framleitt umfram samning | Framleitt alls |
|---|---|---|---|
| Auðhumla svf. | 105.312.365 | 7.925.839 | 113.238.204 |
| Mjólkursamlag KS | 11.198.408 | 518.118 | 11.716.526 |
| Mjólka (áætlað af SAM) | 489.227 | 361.198 | 850.425 |
| SAMTALS | 117.000.000 | 8.805.155 | 125.805.155 |

Heimild: Bændasamtök Íslands og aðildarfélög SAM



# Ársreikningur samstæðu 2008

AUÐHUMLA

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og dótturfélaga þess á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 3. apríl 2009

**Deloitte hf.**

| Halldór Arason | Jón Rafn Ragnarsson |
|---|---|
| endurskoðandi | endurskoðandi |

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan.
Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkta félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

**Kjörnir skoðunarmenn**

Gunnar Sverrisson    Elvar Eyvindsson

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2008 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2008.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur tap ársins 792 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 7.089 milljónir króna, en var í ársbyrjun 8.027 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 483 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 2.322 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.692.456.130 og skiptist á milli 799 aðila en í upphafi árs á milli 808 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 27.609.275 og vextir af stofnsjóði eru kr. 128.229.308. Úr stofnsjóði eru greiddar kr. 210.328.870.

Stjórn félagsins leggur til að tap meirihlutaeigenda á árinu kr. 742.150.755 verði fært til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar og forstjóra Auðhumlu svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Selfoss, 3. apríl 2009

**Í stjórn**

Egill Sigurðsson
stjórnarformaður

Birna Þorsteinsdóttir — Erlingur Teitsson

Björn Harðarson — Stefán Magnússon

Guðrún Sigurjónsdóttir — Hörður Grímsson

**Forstjóri**

Magnús Ólafsson

# Rekstrarreikningur ársins 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 14.833.659.236 | 12.602.454.474 |
| Aðrar tekjur | | 560.059.649 | 340.261.851 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (10.168.613.428) | (8.081.915.346) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 3 | (2.914.337.113) | (2.776.851.865) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (2.218.468.710) | (2.021.116.708) |
| Afskriftir | 7 | (666.700.122) | (651.085.733) |
| **Rekstrartap** | | (574.400.488) | (588.253.327) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 8 | 933.982 | 24.009.704 |
| Fjármunatekjur | 4 | 434.471.123 | 671.238.262 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (839.157.370) | (368.357.577) |
| **Tap fyrir skatta** | | (978.152.753) | (261.362.938) |
| Tekjuskattur | 6 | 186.221.579 | 65.761.032 |
| **Tap ársins** | | (791.931.174) | (195.601.906) |
| **Skipting afkomu** | | | |
| Tap meirihlutaeigenda | | (742.150.755) | (123.517.166) |
| Tap minnihlutaeigenda | | (49.780.419) | (72.084.740) |
| | | (791.931.174) | (195.601.906) |

# Efnahagsreikningur

**Eignir**

| | Skýr. | 31.12.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 5.906.524.645 | 5.315.030.892 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 8 | 27.559.408 | 35.984.794 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 8 | 231.271.016 | 217.890.080 |
| Fjárfestingarverðbréf | 12 | 375.223.918 | 0 |
| Skuldabréfaeign | 9 | 1.103.178.775 | 1.091.061.495 |
| Reiknuð skattinneign | 17 | 86.390.098 | 0 |
| | | 7.730.147.860 | 6.659.967.261 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 10 | 1.768.905.904 | 1.568.124.584 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 1.380.526.322 | 991.499.171 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | 17 | 272.060.867 | 295.666.086 |
